



Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2011

Á fundi kirkjuráðs þann 28. apríl sl. var eftirfarandi bókað:

„- Frumvarp til laga um menningarminjar

Framkvæmdastjóri upplýsti að flutt hefði verið á Alþingi frumvarp til laga um menningarminjar. Um stjórnarfrumvarp er að ræða og er það flutt af mennta- og menningarmálaráðherra. Fyrstu umræðu um frumvarpið er lokið og fór hún fram 7. apríl 2011. Var frumvarpinu vísað til menntamálanefndar Alþingis.

Frumvarpið fjallar um ýmis málefni sem varða þjóðkirkjuna beint. M.a. er þar fjallað um friðun kirkna, kirkjugripi, fornleifarannsóknir og minningarmörk. Lagt er til í frumvarpinu að í stað aldursákvæða nógildandi laga um friðun kirkna reistra fyrir 1918 skuli allar kirkjur sem eru 70 ára eða eldri friðaðar.

Á vef Alþingis kemur fram að menntamálanefnd sendi umsagnarbeiðnir þann 14. apríl 2011 til ýmissa aðila sem tengjast efni frumvarpsins. Veittur er frestur til 5. maí 2011 til að skila inn umsögnum.

Biskupsstofu hefur ekki verið send beiðni um umsögn frá menntamálanefnd þrátt fyrir þá miklu menningarlegu, sögulegu og fjárhagslegu hagsmuni þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og sókna, sem frumvarpið fjallar um.

Kirkjuráð telur vinnubrögð menntamálanefndar Alþingis með öllu óviðunandi og mótmælir þeim.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma á framfæri framangreindum mótmælum og senda innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra afrit bréfs þar að lútandi.“

Framangreindum mótmælum er hér með komið á framfæri. Afrit bréfs þessa er sent innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
framkvæmdastjóri kirkjuráðs